

## Skólaráðsfundur fimmtudaginn 20. maí 2021

Á fundinn mættu Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Auður Jónsdóttir og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúar kennara, Brynja Ingólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Ingibjörg Helga Jónsdóttir og Alma Dröfn Benediktsdóttir fulltrúar foreldra, Linda Björk Árnadóttir fulltrúi nærsamfélagsins og Margrét Ósk Friðriksdóttir og Christine Lea Fregiste fulltrúar nemenda.

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkomna.

### 1. Innra mat

Skólastjóri sagði frá að Elín Ágústsdóttir ráðgjafi skólans hjá Ásgarði muni koma þann 7. júní og gera skýrsluna með innra mats nefndinni.

### 2. Niðurstöður starfsmannasamtala

Niðurstöður eru þær að öllum starfsmönnum líður vel. Í sambandi við fræðslu fyrir starfsmenn biðja flestir um fræðslu um erfiða hegðun barna. Linda Björk kom með fyrirspurn hvort ekki væri hægt að auka foreldrasamstarfið í sambandi við slíka fræðslu. Vel var tekið í það.

### 3. Niðurstöður kannana hjá nemendum

Niðurstöðurnar munu verða birtar í skýrslu innra matsins.

### 4. Undirbúningur næsta skólaárs

Undirbúningur næsta skólaárs er byrjaður þó hann sé seinni núna en áður vegna breytinga á stjórn skólans. Bekkjarskipting næsta skólaárs er þó orðin ljós og er hún eftirfarandi: 1. bekkur; 2. og 3. bekkur; 4. – 6. bekkur og 7. – 10 bekkur.

### 5. Skólareglur

Skólareglur voru lagðar fram til samþykktar og voru þær samþykktar af öllum fundarmönnum. Þær verða síðan hengdar upp á vegg í salnum. [Sjá skólareglur hér](#)

### 6. Önnur mál

Fyrirspurn/tillaga kom frá fulltrúa nemenda um að nemendur fengju að vera meira úti þegar veður væri gott. Var vel tekið í það og verður það haft í huga fyrir næsta skólaár.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigríður Sigmundsdóttir ritari.